

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2010/60/ESB

2014/EES/36/11

frá 30. ágúst 2010

## um tilteknar undanþágur sem varða setningu fódurjurtafræblandna, sem ætlaðar eru til notkunar við varðveislu náttúrulegs umhverfis, á markað

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja<sup>(1)</sup>, einkum fjórðu undirgrein 1. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni og varðveislu erfðaauðlinda plantna hefur orðið æ ljósari undanfarin ár og það kemur fram í þróuninni, bæði á alþjóðavettvangi og á vettvangi Evrópusambandsins. Dæmi um þetta eru ákvörðun ráðsins 93/626/EBE frá 25. október 1993 um gerð samnings um líffræðilega fjölbreytni<sup>(2)</sup>, ákvörðun ráðsins 2004/869/EB frá 24. febrúar 2004 um gerð alþjóðlegs sáttmála fyrir hönd Evrópubandalagsins um erfðaauðlindir plantna á sviði matvæla og landbúnaðar<sup>(3)</sup>, reglugerð ráðsins (EB) nr. 870/2004 frá 26. apríl 2004 um áætlun Bandalagsins um varðveislu, lýsingu á eiginleikum, söfnun og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1467/94<sup>(4)</sup> og reglugerð ráðsins (EB) nr. 1698/2005 frá 20. september 2005 um stuðning Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar (EAFRD) við dreifbýlisþróun<sup>(5)</sup>. Koma ætti á sérstökum skilyrðum samkvæmt lögjöf Evrópusambandsins sem gildir um setningu fódurjurtafræblandna á markað, nánar tiltekið í tilskipun 66/401/EB, til að taka tillit til þessara atriða.
- 2) Til að gera það kleift að setja á markað fódurjurtafræblöndur, sem eru ætlaðar til notkunar við varðveislu náttúrulegs umhverfis í tengslum við verndun erfðaauðlinda (hér á eftir nefndar varðveislublöndur (e. *preservation mixtures*),

jafnvel þegar efnisþættir í þessum blöndum uppfylla ekki hluta af almennum kröfum varðandi markaðssetningu sem kveðið er á um í tilskipun 66/401/EBE, er nauðsynlegt að kveða á um tilteknar undanþágur.

- 3) Til að tryggja að blöndur, sem eru markaðssettar sem varðveislublöndur, uppfylli kröfurnar er varða þessar undanþágur er nauðsynlegt að setja reglur um það að setning slíkra blandna á markað sé háð leyfi. Veita ætti leyfi eftir umsókn.
- 4) Að því er varðar varðveislublöndur sem innihalda varðveisluyrki í skilningi tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2008/62/EB frá 20. júní 2008 um tilteknar undanþágur sem varða samþykki fyrir staðaryrkjum og yrkjum í landbúnaði sem eru náttúrulega löguð að stað- og svæðisbundnum skilyrðum og eru í hættu vegna erfðatæringar, og um setningu fræs og útsæðiskartaflna af þessum staðaryrkjum og yrkjum á markað<sup>(6)</sup> ætti þessi tilskipun þó ekki að hafa áhrif á tilskipun 2008/62/EB.
- 5) Sérstök varðveislusvæði, sem aðildarríkin hafa tilnefnt í samræmi við tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um varðveislu vistgerða og villtra plantna og dýra<sup>(7)</sup>, eru fyrir náttúruleg og hálfnáttúruleg búsvæði sem verðskulda verndun. Líta ætti á slík svæði sem uppsprettusvæði (e. *source area*) fyrir varðveislublöndur. Aðildarríkin ættu einnig að eiga kost á því að tilnefna önnur svæði sem stuðla að varðveislu erfðaauðlinda plantna ef þau eru í samræmi við sambærilegar reglur.
- 6) Kveða ætti á um að efnisþættir varðveislublöndunnar séu tilgreindir sem tegundir og, ef við á, undirtegundir í leyfinu og á merkimiðanum. Einnig ætti að kveða á um sértækt spirunarhlutfall (e. *germination rate*) fyrir efnisþætti blöndunnar, sem falla undir tilskipun 66/401/EBE, sem eru ekki í samræmi við kröfur um spirun sem settar eru fram í II. viðauka við þá tilskipun. Að því er varðar þessar kröfur er nauðsynlegt, að því er varðar varðveislublöndur sem eru uppskornar beint, að taka tillit til uppskeruáferðarinnar.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 228, 31.8.2010, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2298/66.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 309, 13.12.1993, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 378, 23.12.2004, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 18.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 277, 21.10.2005, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 162, 21.6.2008, bls. 13.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7.

- 7) Nauðsynlegt er að kveða á um undanþágur varðandi athugun aðildarríkjanna á varðveislublöndunni áður en hún er leyfð til setningar á markað. Við athugun á þessum blöndum ætti í ákveðnum tilvikum einnig að gera ráð fyrir mismunandi uppskeruáðferðum eftir því hvort um er að ræða varðveislublöndur sem eru ræktaðar (e. *crop-grown*) eða uppskornar beint.
- 8) Til þess að tryggja að markaðssetning varðveislublandna fari fram í tengslum við varðveislu á erfðaauðlindum skal kveða á um takmarkanir, einkum að því er varðar uppruna- og uppsprettusvæði.
- 9) Ákveða ætti hámarks magn varðveislublandna sem setja má á markað. Til þess að ganga úr skugga um að farið sé eftir þessu hámarks magni ættu aðildarríkin að krefjast þess að framleiðendur tilkynni um það magn af varðveislublöndum sem þeir hyggjast sækja um leyfi fyrir og ættu þau að úthluta magninu til framleiðenda ef nauðsyn krefur.
- 10) Tryggja ætti rekjanleika varðveislublandna með viðeigandi kröfum um lokun og merkingar.
- 11) Til að tryggja að reglunum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, sé beitt á réttan hátt ætti opinber vöktun að fara fram.
- 12) Eftir hæfilegan tíma ætti framkvæmdastjórnin að meta hvort ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, séu skilvirkar.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „uppsprettusvæði“:
- svæði sem aðildarríki tilnefnið sem sérstakt varðveislusvæði í samræmi við 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 92/43/EBE eða
  - svæði sem stuðlar að varðveislu erfðaauðlinda plantna og sem aðildarríki tilnefnið í samræmi við landsbundna málsmeðferð sem byggst á viðmiðunum sem eru sambærilegar þeim sem kveðið er á um í 4. mgr. 4. mgr. tilskipunar 92/43/EBE, í tengslum við k- og l-lið 1. gr. þeirrar tilskipunar, og sem er stjórnað, verndað og undir eftirliti á þann hátt sem jafngildir 6. og 11. gr. þeirrar tilskipunar,
- b) „söfnunarstaður“: hluti af uppsprettusvæðinu þar sem fræinu var safnað,

- c) „blanda sem er uppskorin beint“: fræblanda sem er markaðssett sem safnað á söfnunarstað, einnig hreinsuð,
- d) „ræktuð blanda“: fræblanda sem er framleidd í samræmi við eftirfarandi ferli:
- fræ einstakra tegunda er tekið á söfnunarstað,
  - fræinu, sem um getur í i. lið, er fjölgað utan söfnunarstaðar sem einni tegund,
  - fræjum þessara tegunda er síðan blandað saman til að búa til blöndu sem er samsett af ættkvíslum, tegundum og, ef við á, undirtegundum sem eru dæmigerðar fyrir vistgerð söfnunarstaðarins.

2. gr.

#### Varðveislublöndur

1. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 66/401/EBE geta aðildarríkin heimilað setningu blandna af ýmsum ættkvíslum og tegundum og, ef við á, undirtegundum á markað ef nota á blöndurnar við varðveislu náttúrulegs umhverfis í tengslum við verndun erfðaauðlinda, sem um getur í b-lið 1. mgr. 22. gr. a í þeirri tilskipun.

Slíkar blöndur geta innihaldið fræ föðurjurta, sem falla undir tilskipun 66/401/EBE, og auk þess fræ jurta sem eru ekki föðurjurtir í skilningi þeirrar tilskipunar.

Slíkar blöndur eru hér á eftir nefndar „varðveislublöndur“.

2. Ef varðveislublanda inniheldur varðveisluyrki skal tilskipun 2008/62/EB gilda.

3. Tilskipun 66/401/EBE skal gilda nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

3. gr.

#### Upprunasvæði

Ef aðildarríki heimilar setningu varðveislublöndu á markað skal það skilgreina svæði sem blandan tengist á náttúrulegan hátt, hér á eftir nefnt „upprunasvæði“. Aðildarríkið skal taka tillit til upplýsinga frá yfirvöldum sem bera ábyrgð á erfðaauðlindum plantna eða frá stofnunum sem aðildarríkin hafa viðurkennt í þessu skyni. Ef upprunasvæðið er staðsett í fleiri en einu aðildarríki skulu öll viðkomandi aðildarríki ákvarða það með samhljóða samkomulagi.

4. gr.

#### Leyfi

1. Aðildarríkin geta heimilað setningu varðveislublandna á markað á upprunasvæðum sínum að því tilskildu að þessar blöndur uppfylli kröfurnar í 5. gr. ef um er að ræða varðveislublöndur sem eru uppskornar beint eða kröfurnar í 6. gr. ef um er að ræða ræktaðar varðveislublöndur.

2. Í leyfinu skal eftirfarandi koma fram:

- a) nafn og heimilisfang framleiðandans,
- b) uppskeruaðferð: uppskorið beint eða ræktað,
- c) hundraðshluti efnisþáttanna eftir tegundum, miðað við þyngd, og, ef við á, undirtegundum,
- d) ef um er að ræða ræktaðar varðveislublöndur: sértækt spírunarhlutfall fyrir efnisþætti blöndunnar, sem fellur undir tilskipun 66/401/EBE, sem er ekki í samræmi við kröfur um spírur sem settar eru fram í II. viðauka við þá tilskipun,
- e) magn blöndunnar sem leyfið á að gilda um,
- f) upprunasvæði,
- g) höft á setningu á markað á upprunasvæðinu,
- h) uppsprettusvæði,
- i) söfnunarstaður og, ef um er að ræða ræktaða varðveislublöndu, einnig fjölgunarstaður,
- j) vistgerð söfnunarstaðarins og
- k) söfnunarár.

3. Að því er varðar c-lið 2. mgr. skal nægja, að því er varðar varðveislublöndur sem eru uppskornar beint, að gefa þessa efnisþætti upp sem tegundir og, ef við á, undirtegundir sem eru dæmigerðar fyrir vistgerðina á söfnunarstaðnum og sem eru, sem efnisþættir blöndunnar, mikilvægar fyrir varðveislu náttúrlegs umhverfis í tengslum við verndun erfðauðlinda.

5. gr.

#### Leyfiskröfur vegna varðveislublöndna sem eru uppskornar beint

1. Varðveislublöndu, sem er uppskorin beint, skal hafa verið safnað á uppsprettusvæði sínu á söfnunarstað þar sem ekki hefur verið sáð næstliðin 40 ár fyrir dagsetningu umsóknar framleiðandans sem um getur í 1. mgr. 7. gr. Uppsprettusvæðið skal staðsett á upprunasvæðinu.
2. Hlutfall efnisþátta í varðveislublöndu sem er uppskorin beint, sem eru tegundir og, ef við á, undirtegundir sem eru dæmigerðar fyrir vistgerðina á söfnunarstaðnum og sem eru, sem efnisþættir blöndunnar, mikilvægir fyrir varðveislu náttúrlegs umhverfis í tengslum við verndun erfðauðlinda, skal nægja til að endurskapa vistgerð söfnunarstaðarins.
3. Spírunarhlutfall efnisþáttanna, sem um getur í 2. mgr., skal nægja til þess að endurskapa vistgerð söfnunarstaðarins.
4. Hámarksinnihald tegunda og, ef við á, undirtegunda, sem uppfylla ekki kröfurnar í 2. mgr., skal ekki fara yfir 1% miðað við þyngd. Varðveislublöndu sem er uppskorin beint skal ekki innihalda *Avena fatua*, *Avena sterilis* eða *Cuscuta* spp.

Hámarksinnihald *Rumex* spp., annað en *Rumex acetosella* og *Rumex maritimus*, skal ekki fara yfir 0,05% miðað við þyngd.

6. gr.

#### Leyfiskröfur vegna ræktaðra varðveislublöndna

1. Að því er varðar ræktaðar varðveislublöndur skal fræinu sem safnað hefur verið, sem ræktaða fræblandan er framleidd úr, hafa verið safnað á uppsprettusvæði sínu á söfnunarstað þar sem ekki hefur verið sáð næstliðin 40 ár fyrir dagsetningu umsóknar framleiðandans sem um getur í 1. mgr. 7. gr. Uppsprettusvæðið skal staðsett á upprunasvæðinu.
2. Fræin í ræktaðu varðveislublöndunni skulu vera af tegundum og, ef við á, undirtegundum sem eru dæmigerðar fyrir vistgerðina á söfnunarstaðnum og sem eru, sem efnisþættir blöndunnar, mikilvægar fyrir varðveislu náttúrlegs umhverfis í tengslum við verndun erfðauðlinda.
3. Efnisþættir ræktaðrar varðveislublöndu, sem eru fræ fóðurjurta í skilningi tilskipunar 66/401/EBE, skulu, áður en þeim er blandað saman, uppfylla kröfurnar fyrir sölufræ sem settar eru fram í III. hluta II. viðauka við tilskipun 66/401/EBE að því er varðar greiningarhreinleika eins og sett er fram í 4. til 11. dálki í töflunni í A-lið 2. liðar í I. lið þess viðauka, að því er varðar hámarksinnihald annarra plöntutegunda í sýni af þeirri þyngd sem tilgreind er í 4. dálki III. viðauka við hana (alls fyrir hvern dalk) eins og sett er fram í 12., 13. og 14. dálki í töflunni í A-lið 2. liðar í I. lið II. viðauka við hana og að því er varðar skilyrði varðandi lúpínufræ eins og sett er fram í 15. dálki töflunnar í A-lið 2. liðar í I. lið þess viðauka.
4. Fjölgun má eiga sér stað í fimm kynslóðir.

7. gr.

#### Kröfur um málsmeðferð

1. Veita skal leyfi eftir umsókn framleiðandans.  
Með umsókninni skulu fylgja upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að sannreyna að farið sé að 4. og 5. gr., ef um er að ræða varðveislublöndur sem eru uppskornar beint, eða 4. og 6. gr. ef um er að ræða ræktaðar varðveislublöndur.
2. Að því er varðar varðveislublöndur sem eru uppskornar beint skal aðildarríkið, þar sem söfnunarstaðurinn er staðsettur, annast sjónræna skoðun.  
Þessar sjónrænu skoðanir skulu fara fram á söfnunarstað á vaxtartíma með millibili sem er viðeigandi til að tryggja að blandan uppfylli a.m.k. leyfiskröfurnar sem kveðið er á um í 2. og 4. mgr. 5. gr.  
Aðildarríkið sem annaðist sjónrænu skoðanirnar skal skjalfesta niðurstöðurnar.

3. Þegar aðildarríki kannar umsókn skal það, að því er varðar ræktaðar varðveislublöndur, annast prófanir eða prófanir skulu fara fram undir opinberu eftirliti aðildarríkisins til að ganga úr skugga um að varðveislublandan uppfylli a.m.k. leyfiskröfur sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 6. gr.

Slíkar prófanir skulu fara fram í samræmi við gildandi alþjóðlegar aðferðir eða, ef slíkar aðferðir eru ekki fyrir hendi, í samræmi við viðeigandi aðferðir.

Viðkomandi aðildarríki skal sjá til þess að sýnin séu tekin úr einsleitum framleiðslutotum fyrir þessar prófanir. Það skal sjá til þess að reglum um þyngd framleiðslueininga og sýna, sem kveðið er á um í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 66/401/EBE, sé fylgt.

#### 8. gr.

##### Magntakmörkun

Hvert aðildarríki skal sjá til þess að heildarmagn fræs úr varðveislublöndum, sem eru settar á markað á hverju ári, fari ekki yfir 5% af heildarþyngd allra fódurjurtafræblandna sem falla undir tilskipun 66/401/EBE og eru settar á markað á viðkomandi ári í aðildarríkinu sem um ræðir.

#### 9. gr.

##### Beiting magntakmarkana

1. Ef um er að ræða varðveislublöndur sem eru uppskornar beint skulu aðildarríkin sjá til þess að framleiðendur tilkynni um magn fræs í varðveislublöndunum, sem þeir ætla sér að sækja um leyfi fyrir, svo og um stærð og staðsetningu fyrirhugaðs söfnunarstaðar eða -staða, áður en hvert framleiðsluskeið hefst.

Ef um er að ræða ræktaðar varðveislublöndur skulu aðildarríkin sjá til þess að framleiðendur tilkynni um magn fræs í varðveislublöndunum, sem þeir ætla sér að sækja um leyfi fyrir, svo og um stærð og staðsetningu fyrirhugaðs söfnunarstaðar eða -staða og stærð og staðsetningu fyrirhugaðs fjölgunarstaðs eða -staða, áður en hvert framleiðsluskeið hefst.

2. Ef líklegt er, á grundvelli tilkynninganna sem um getur í 1. mgr., að farið verði yfir magnið, sem mælt er fyrir um í 8. gr., skulu aðildarríkin úthluta hverjum hlutaðeigandi framleiðanda því magni sem honum er heimilt að setja á markað á viðkomandi framleiðsluskeiði.

#### 10. gr.

##### Lokun pakkninga og íláta

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fræ varðveislublandna megi eingöngu setja á markað í lokuðum umbúðum eða ílátum með lokunarbúnaði.

2. Til að tryggja að umbúðir séu lokaðar skal a.m.k. vera merkimiði eða innsigli á lokunarbúnaðinum.

3. Pakkningum og ílátum, sem um getur í 1. mgr., skal lokað þannig að lokunarbúnaðurinn eyðileggist þegar þau eru opnuð eða ummerki sjáist annaðhvort á merkimiða framleiðandans eða á pakkningunni eða ílátinu.

#### 11. gr.

##### Merkingar

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að á pakkningum eða ílátum með varðveislublöndum sé merkimiði framleiðanda eða prentuð eða stimpluð tilkynning þar sem a.m.k. eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- a) orðin „ESB-reglur og -staðlar“,
- b) nafn og heimilisfang einstaklingsins, sem ber ábyrgð á að festa merkimiðana á, eða auðkenni hans,
- c) uppskeruáferð: uppskorið beint eða ræktað,
- d) lokunarár, gefið upp sem: „lokað ...“ (ár),
- e) upprunasvæði,
- f) uppsprettusvæði,
- g) söfnunarstaður,
- h) vistgerð söfnunarstaðarins,
- i) orðin „varðveislublanda fódurjurtafræja, sem ætluð er til notkunar á svæði með sömu vistgerð og söfnunarstaðurinn, án tillits til lífrænna skilyrða“,
- j) tilvísunarnúmer framleiðslueiningarinnar, sem úthlutað er af þeim aðila sem ber ábyrgð á því að festa merkimiðana á,
- k) hundraðshluti efnisþáttanna eftir tegundum, miðað við þyngd, og, ef við á, undirtegundum,
- l) uppgefin eigin þyngd eða heildarþyngd,
- m) tegund aukefnis og einnig nálgunarhlutfall milli þyngdar klasa eða hreinna fræja og heildarþyngdar skulu tilgreind ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni í föstu formi, og
- n) ef um er að ræða ræktaðar varðveislublöndur: sértækt spírunarhlutfall fyrir efnisþætti blöndunnar, sem fellur undir tilskipun 66/401/EBE, sem er ekki í samræmi við kröfur um spírun sem settar eru fram í II. viðauka við þá tilskipun.

2. Að því er varðar k-lið 1. mgr. skal nægja að tilgreina efnisþætti varðveislublandna sem eru uppskornar beint eins og kveðið er á um í 3. mgr. 4. gr.

3. Að því er varðar n-lið 1. mgr. skal nægja að tilgreina meðaltal fyrir þetta sértæka spírunarhlutfall sem krafist er ef gerð er krafa um að fjöldinn, að því er varðar sértæka spírunarhlutfallið, fari yfir fimm.

12. gr.

#### Vöktun

Aðildarríkin skulu sjá til þess með opinberri vöktun að farið sé að þessari tilskipun.

13. gr.

#### Skýrslugjöf

Aðildarríkin skulu sjá til þess að framleiðendur, sem starfa á yfirráðasvæði þeirra, gefi skýrslu fyrir hvert framleiðsluskeið um það magn af varðveislublöndum sem sett er á markað.

Aðildarríkin skulu, sé þess óskað, gefa framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum skýrslu um það magn af varðveislublöndum sem sett er á markað á yfirráðasvæði þeirra.

14. gr.

#### Tilkynning um viðurkenndar stofnanir sem bera ábyrgð á erfðaauðlindum plantna

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, sé þess óskað, um yfirvöld sem bera ábyrgð á erfðaauðlindum plantna eða stofnanir sem aðildarríkin hafa viðurkennt í þessu skyni.

15. gr.

#### Mat

Framkvæmdastjórnin skal meta framkvæmd þessarar tilskipunar eigi síðar en 31. desember 2014.

16. gr.

#### Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnislyfyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar

en 30. nóvember 2011. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu yfir viðkomandi ákvæði og þessa tilskipun.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

17. gr.

#### Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

18. gr.

#### Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. ágúst 2010.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO